

Starfsáætlun leikskólans

Stekkjaraáss

2023 – 2024



Formáli

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir Aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, skóladagatal birt og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahlald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en fræðsluráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Jafnréttisáætlun.
- Áherslur í starfsáætlun fræðslusviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til þróunarfulltrúa leikskóla fyrir 20. júlí ár hvert. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir fræðsluráð til samþykktar.

Tekið skal fram að leikskólar gera jafnréttisáætlun nú og skal hún koma með starfsáætlun sem viðhengi.

Efnisyfirlit

Formáli	3
1. Inngangur	5
2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun	6
2.1 Innra mat leikskólans	6
2.1.1. Endurmat á sérkennslu skólaárið 2022-2023	8
2.2 Húsnæði og lóð	9
2.3 Ytra mat	10
2.3. Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats	10
2.4 Matsáætlun	17
3. Áherslur í starfi leikskólans	18
3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár	18
4. Starfsmannamál	19
4.1. Starfsmannahópurinn 1. maí	19
4.2 Starfsþróunarsamtöl	19
4.3 Símenntun frá síðasta ári	19
4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum	20
5. Aðrar upplýsingar	21
5.1 Barnahópurinn 1. maí	21
5.2 Foreldrasamvinna	21
5.3 Samstarf leik- og grunnskóla	22
Samstarf við grunnskóla er skipulegt á hverju hausti. Stekkjarás er í góðri samvinnu við Áslandsskóla en síðasta skólaár voru Öldutúnsskóli og Hraunvallaskóli einnig heimsóttir. Hér eru helstu samstarfsviðburðir taldir upp:	22
5.4 Almennar upplýsingar	22
Skipulagsdagar á tímabil 2023 – 2024 eru eftirfarandi:	22
5.5 Áætlanir	22
Fylgirit	23
• Leikskóladagatal	23
• Umsögn foreldraráðs	23

1. Inngangur

Skólaárið einkenndist af miklum breytingum vegna innri sem og ytri áhrifa. Snemma á skólaárinu fór Katrín leikskólastjóri í leyfi. Michelle aðstoðarleikskólastjóri tók við af henni sem staðgengill og Harpa, deildarstjóri á Þúfu, leysti Michelle af sem aðstoðarleikskólastjóri. Í vor hætti Katrín. Búið er að ráða Hörpu sem leikskólastjóra og Michelle heldur áfram sem aðstoðarleikskólastjóri. Fimm starfsmenn fóru í langveikindi á tímabilinu og erfitt var að ráða í afleysingar. Einnig var mikið um veikindi í haust og vetur eins og í samfélaginu almennt. Tveir starfsmenn komu aftur til starfa í vor eftir fæðingarorlof. Þrír starfsmenn voru í framhaldsnámi og einn þeirra útskrifast með M.Ed. í Menntunarfræði leikskóla.

Það er mjög ánægjulegt að útinám við Ástjörn og útistöðvar á útisvæði halda áfram að vera hluti af skólamenningunni. Við erum að taka þátt í Erasmus+ verkefni með þátttakendum frá Englandi, Belgíu, Noregi, Norður Írlandi og Króatíu. Verkefnið heitir „Full STEAM Ahead, Learning through play“. STEAM: (skammstöfun stendur fyrir Science (vísindi), Technology (tækni), Engineering (verkfræði), Art (listir) og Mathematics (stærðfræði). Þetta verkefni hefur opnað frábæra leið til að tengjast nýrri menningu og hefðum, deilda hugmyndum og læra hvernig við getum unnið með ungum börnum á fjölbreyttan hátt.

Stekkjarás var áfram tilraunaskóli í Menntafléttunni: Stærðfræðin í umhverfi ungra barna, í umsjón Hörpu Kolbeinsdóttur. Verkefnið hefur verið í gangi síðan 2021. Helsta markmið námskeiðsins er að auka skilning starfsmanna í leikskóla á hvað getur talist stærðfræðilegt viðfangsefni. Þá verða þeir hæfari í að skipuleggja, undirbúa og fylgja eftir vinnu barna í leikskólanum með það að markmiði að auka hæfni barnanna til að taka virkan þátt í stærðfræðilegum viðfangsefnum. Aðaláherslan er á að nálgast stærðfræðileg viðgangsefni í gegnum leik.

2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

2.1 Innra mat leikskólans

Innra mat leikskólans fór fram jafnt og þétt yfir árið. Deildarstjórar mátu starfið jafn óðum á deildarstjórafundum en skólaárið sem er að líða voru færri deildarstjórafundir en undanfarin ár eða u.þ.b. einn fundur í mánuði. Deildarnar sáu sjálfar um að meta eigið starf. Hver deild setti sér markmið, tók fyrir þátt eða þætti í starfinu og mat árangur með samtölum og skráningum. Starf elstu barnanna var metið af einum fulltrúa frá hverri deild auk skólastjórnenda. Mat á elstubarnastarfi fór fram á reglulegum fundum yfir árið. Starfsfólk sem sinnir sérkennslu mat sín störf eftir hverja önn og sérkennslustjóri tók saman mat yfir starfshætti sérkennslunnar í lok skólaársins. Ekkert sérstakt matsteymi var starfandi þetta skólaár. Unnið var eftir eftirfarandi matsáætlun sem hér hefur verið bætt við dálki um hvernig til tókst.

Matsleið	Tímarammi	Ábyrgð	Hvernig gekk?
Viðhorfskönnun meðal starfsmanna fer fram annað hvert ár.	Mars 2023	Skrifstofa mennta- og lýðheilsusviðs.	Könnunin var framkvæmd í mars 2023 og gerð er grein fyrir helstu niðurstöðum í kafla 2.3.
Árleg vinnustaðagreining.	Mars 2023	Hafnarfjarðarbær.	Könnunin var framkvæmd í mars 2023 og gerð er grein fyrir helstu niðurstöðum í kafla 2.3.
Starfsmannasamtöl á vorönn.	Vorönn	Skólastjórnendur	Í maí 2023 buðu skólastjórnendur uppá starfsmannasamtöl og 35 starfsmenn þáðu boðið. Gerð er grein fyrir helstu niðurstöðum í kafla 4.2
Viðhorfskönnun verður meðal elstu barnanna þar sem kannað er viðhorf þeirra til ýmissa þátta í starfinu.	Apríl/maí	Aðstoðarskólastjóri	Þessi þáttur féll niður í ár.
Foreldraviðtöl	Vorönn	Deildarstjórar	Á 7 af 8 deildum var boðið uppá foreldraviðtöl á vorönn. Á einni deildinni var deildarstjóri í afleysingastöðu og bauð ekki uppá viðtöl. Foreldrar gátu fengið viðtal við

			skólastjórnendur eða sérkennslustjóra og einhverjir nýttu sér það.
Stjórnendateymið velur markmið sem skólinn leggur áherslu á næsta skólaár að hausti	maí	Stjórnendateymi	Stjórnendateymi settist niður í júní 2023 og setti niður markmið fyrir næsta skólaár. Lesa má um áherslur næsta skólaárs í kafla 3. Á fyrsta skipulagsdegi eftir sumarfrí, 4. september, verða áherslurnar lagðar fyrir starfsmannahópin til samþykktar.
Deildar útfæra markmið sem stjórnendateymið setur út frá sinni deild og setja sér markmið fyrir deildina ef við á.	Allt árið	Deildarstjórar	Deildarnar hafa unnið eftir eigin markmiðum með misjöfnum árangri. Að þessu sinni verður ekki gerð grein fyrir markmiðum hvernar deildar fyrir sig.
Viðburðir og daglegar uppákomur metnar á starfsmannafundum, deildafundum, deildastjórafundum og hjá samráðsteymi leikskólans.	Allt árið	Sjórnendateymið	Þetta gekk ágætlega yfir skólaárið. Á deildastjórafundum eru skrifaðar fundagerðir og viðburðir og daglegar uppákomur metnar.

Stjórnendateymi er skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, sérkennslustjóri og deildarstjórar
Skólastjórnendur eru skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og sérkennslustjóri

Í umbótaáætlun fyrir skólaárið var ákveðið að bæta upplýsingaflæði til foreldra. Skólastjórnendur ætluðu að boða foreldra nýrra barna í viðtöl við upphaf skólaársins en það var ekki gert. Deildarstjórar ætluðu að gæta betur að upplýsingaflæði til foreldra með því að skrifa á töflur fyrir framan deildar og senda deildarpósta. Mjög misjafnt var á milli deilda hvernig þetta tókst til og munum við áfram stefna á að bæta þennan þátt í starfinu.

Í umbótaáætlun var ákveðið að endurvekja *Gaman saman* sem er söngstund á sal. Það gekk og *Gaman saman* hefur verið í salnum á föstudagsmorgnum í vetur. Einnig var ákveðið að endurskoða kóræfingar elstu barnanna og huga betur að lagavali. Kóræfingar voru haldnar á fimmtudögum í vetur u.þ.b. hálf tíma í senn og börnin voru höfð með í lagavali.

2.1.1. Endurmat á sérkennslu skólaárið 2022-2023

Níu börn nutu sérkennslu samkv. greiningarviðmiðum í 1. og 2. Flokki og 19 börn fengu stuðning úr þriðja flokki þetta skólaárið.

Áskornanir, breytingar og áföll ýmiskonar hafa einkennt þetta skólaár. Starfsfólk sérkennslunnar hefur þurft að hlaupa í skarðið og leysa mönnunarfanda og er það samkvæmt „Verklagsreglum vegna faliðunar í leikskólum Hafnarfjarðar“. Þrátt fyrir þetta hefur náðst nokkur árangur af sérkennslunni hjá flestum börnunum sem eru með úthlutaðan sérkennslutíma. Framfarir haldast nokkuð í við væntingar út frá frávikum barnanna. Því meiri frávik því hægari framfarir. Góð þekking er til staðar hjá starfsfólkinu á AEPS listanum og nýtist hann vel í námskrágerð þar sem notast er við listann til að setja sér markmið og leiðir í sérkennslunni. AEPS listinn nýtist líka vel sem mælitæki á framfarir náms.

Þetta skólaár hefur sérkennslan verið í höndum tveggja leikskólasérkennara, eins þroskaþjálfara, og tveggja leiðbeinanda.

Hljóm.

Í ár voru 10 börn í málörvun þ.e þau sem komu út í slakri eða mjög slakri færni við fyrirlögn á Hljóm-2 í haust eða þurftu á styrkingu að halda í að fylgja fyrirmælum og hvatningu í úthaldi og einbeitingu. Í hópnum var líka eitt barn af erlendum uppruna sem ekki var hægt að leggja fyrir Hljóm-2 vegna slakrar kunnáttu í íslensku. Við máttum það svo að þarna væri gott tækifæri fyrir barnið að fá styrkingu í hljóðkerfisvitund og undirbúning fyrir lestrarnámið. Hóparnir voru tveir þetta skólaárið. Talmeinafræðingur hjá Mennta- og lýðheilsusviði benti sérkennslustjóra á að mikilvægt væri að halda áfram að efla hljóðkerfisvitund þeirra barna sem sýndu slaka færni í fyrri fyrirlögn þrátt fyrir að ná meðalfærni í seinni fyrirlögn og voru því hóparnir tveir líka á vorönn. Gerð var vinnuáætlun fyrir fjórar til sex vikur í einu. Vel gekk að halda tímaáætlun og féllu tímar sjaldan niður.

Hvernig skiptist tími þinn milli verkefna, þ.e. fundarsetu, undirbúningsvinna bein sérkennsla.

Þetta skólaár hefur sérkennslustjóri verið með einn Hljómhóp 2x í viku fyrir áramót og með tvo hópa 2x í viku efir áramót. Almennt sinnir sérkennslustjóri þeirri vinnu sem segir til í starfslýsingu en þetta skólaárið hefur mikið af mínum vinnutíma farið í afleysingar og er það samkvæmt „Verklagsreglum vegna faliðunar í leikskólum Hafnarfjarðar“

Sérkennslustjóri situr í samráðsteymi leikskólans og er þar ritari og situr einnig í Brúarteymi leikskólans.

Áherslubreytingar - Framkvæmd- og eftirfylgni.

Ég tel mikilvægt að halda áfram því fyrirkomulagi að sérkennslufólkið sé ekki talið með deildarfólki. Með þessu fyrirkomulagi tel ég að það skapast meiri sátt og virðing fyrir störfum sérkennslufólksins. Allir sem komu að sérkennslunni gerðu einstaklingsnámskrá/stundaskrá fyrir sína nemendur en mismunandi var hvað hver stuðningsaðili var með mörg börn á sínum vegum og jafnvel á fleiri en einni deild hver. Vel gekk framanaft skólaárinu að fylgja stuðningskennslunni eftir. Fólkið var metnaðarfullt og lagði sig fram í vinnu en vegna faliðunar og ýmiskonar áskoranna seinni hluta skólaársins varð oft að fella niður sérkennsluna og var þá sérkennslufólkið nokkuð ósátt fyrir hönd sinna nemenda og fannst á þeim brotið.

Það er mikilvægt að vel sé farið með það fjármagn sem sett er í sérkennsluna og virðing sé borin fyrir mikilvægi hennar. Markmiðið með sérkennslunni er ávallt að efla og styrkja viðkomandi einstakling

og gera honum fært að taka þátt og vera virkan nemandi í daglegu starfi leikskólans.

Samstarf við foreldra.

Samstarf við foreldra hefur verið gott.

Samstarf við Skrifstofu fræðslu og frístundarþjónustu.

Aðgengi við sérkennslufulltrúa, sálfræðing og talmeinafræðinga er gott. Ávallt er hægt að leita til þeirra.

Næsta skólaár.

Við horfum björtum augum til næsta skólaárs. Sama starfsfólk og var í stuðningkennslu þetta skólaár mun halda áfram næsta skólaár og svo fáum við einn sérkennara sem er að koma úr veikindaleyfi.

Allir stuðningskennarar endurmátu starf sitt fyrir haust og vorönn. Í haust munu stuðningskennarar gera einstaklingsnámskrár eða vinnuáætlanir og við markmiðssetningu verður haft að leiðarljósi að vinna eftir skipulagðri kennslu/TEACCH og nota AEPS listann í einstaklingsnámskrárgerð.

Áfram held ég í vonina að við getum mætt erlendu og tvítyngdu börnunum betur og skilgreint og unnið betur með þau börn sem falla undir þriðja flokkinn.

Mikilvægt að halda áfram að hitta sérkennslufólkið einu sinni í mánuði og fara yfir stöðu mála.

Umbótaverkefni:

- Einu sinni í mánuði hittast sérkennslustjóri og stuðningsfólk fara yfir stöðu náms.
- Hitta deildastjóra einu sinni í mánuði og fara yfir stöðu náms barna á viðkomandi deild.
- Mikilvægt er að finna leiðir til að mæta erlendum og tvítyngdum börnum.
- Skilgreina vel þriðja flokkinn og hvernig þeim tímum er úthlutað.

2.2 Húsnæði og lóð

Eftirlit með leikskólalóð er í daglegu eftirliti starfsmanna leikskólans með ábyrgð leikskólastjóra. Starfsmenn deilda skiptast á að skoða lóðina daglega og skrá athugasemdir í bækur. Aðalskoðun garðs fór fram síðast 2022 og enn á eftir að skoða garðinn þetta árið. Neyðarljós, brunakerfi og slökkvitæki var skoðað af rafvirkjum í júní 2023. Í byrjun skólaárs fengum við húsvörð sem sinnti minniháttar viðhaldi, en frá því í vor hefur ekki verið húsvörður og verkefnið safnast upp.

Eftirfarandi framkvæmdir á útisvæði og innanhús voru gerðar:

Útisvæði:

- Tréverk utanhúss var yfirfarið, ónýtu timbri skipt út og síðan bæsað.
- Tvö stór leiktæki (kastalar) á útisvæði voru fjarlægð, eitt minna kom í staðinn ásamt rólum.
- Möl var fjarlægð og gúmmímottur settar undir rólur.

- Gömul trégirðing og hlið sem afmarkaði ungbarnasvæðið var fjarlægð og ný vírgirðing sett í staðinn.

Innanhús:

- Flúrljósum inn á deildum og á göngum var skipt út fyrir Led ljós.
- Byrjað er að skipta út loft plötum sem á að bæta hljóðvist.

2.3 Ytra mat

Fyrirtækið *Auðnast* sem er viðurkenndur og óháður þjónustuaðili á sviði félagslegra þátta sem og hreyfi- og stoðkerfis gerði áhættumat fyrir leikskólann Stekkjarás í byrjun árs 2023 að beiðni Mennta- og lýðheilsusviðs og mannauðsstjóra Hafnarfjarðarbæjar. *Auðnast* skilaði niðurstöðum sem byggja á þemagreiningu opinna svara úr hálfstöðluðum viðtölum við starfsfólk skólans. Helstu niðurstöður verða nýttar í umbótaáætlun fyrir leikskólann en út frá niðurstöðum verður unnið í að bæta stjórnunarhætti, byggja upp traust og efla starfsandann á vinnustaðnum. Fylgst verður betur með þróun álags og streitu hjá starfsfólki og dregið úr vinnuálagi eins og kostur er. Niðurstöður viðhorfskönnunar starfsmanna og vinnustaðagreiningar rímuðu við niðurstöðurnar úr áhættumati *Auðnast*.

Vinnueftirlitið kom í reglubundna skoðun á vinnustaðinn og skilaði í kjölfarið skýrslu um mat á vinnuaðstæðum. Í skýrslunni komu fram fyrimæli um að kominn væri tími á að endurskoða áætlun um öryggi og heilbrigði. Sú endurskoðun fór fram í maí 2023 og verða niðurstöður úr þeirri vinnu einnig nýttar í umbótaáætlun. Helstu niðurstöður voru að bæta þarf upplýsingagjöf til starfsmanna, sérstaklega þarf að huga að starfsfólki af erlendum uppruna. Einnig má huga betur að hvatningu og hrósi á vinnustaðnum og að huga betur að vinnurými og hávaðavörnum.

2.3. Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats

Á næstu síðum má sjá umbótaáætlunina.

Matspáttur	Tækifæri til umbóta	Leiðir að umbótum	Ábyrgðaraðili	Tímasetning aðgerða	Matsaðferðir	Aðgerðir metnar
Stjórnun						
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	Efla traust til stjórnenda	Stjórnendahandleiðsla fyrir leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra	Leikskólastjóri	Fundir á 4-8 vikna fresti yfir skólaárið	Árleg vinnustaðgreining á vegum Hafnarfjarðarbæjar	90% svara um skólastjórnendur mjög jákvæð eða frekar jákvæð
		Samræming leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra með vikulegum fundum.	Aðstoðarleikskólastjóri	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri hittast á vikulegum fundum á þriðjudögum kl: 10 allt skólaárið.		
		Stjórnendaþjálfun.	Mannauðsdeild	Eftir áramót fara leikskólastjórnendur í stjórnendaþjálfun á vegum bæjarins		
		Stuðningur við stjórnendur frá Hafnarfjarðarbæ.	Leiksskólastjóri	Reglulegir fundir með fulltrúa frá Mennta- og lýðheilsusviði yfir skólaárið.		

<p>Auka aðgengi að stjórnendum m.t.t. afleysinga.</p>	<p>Gæta þess að skólastjórnendur séu ekki of mikið og of oft í afleysingum.</p>	<p>Leikskólastjóri</p>	<p>Yfir allt skólaárið.</p>		
<p>Bæta upplýsingaflæði. Bæta miðlun upplýsinga og greina hvaða upplýsingar starfsfólk upplifi að vanti.</p>	<p>Útbúa fréttabréf með helstu upplýsingum um skólastarfið og birta á workplace.</p>	<p>Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri</p>	<p>Vikulega til hálfsmánaðarlega, leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri til skiptis</p>		
	<p>Prenta út fundagerðir og hengja upp í kaffistofu.</p>	<p>Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri</p>	<p>Eftir hvern deildastjórafund.</p>		
	<p>Huga sérstaklega að erlendu starfsfólki og upplýsingaflæði til þeirra.</p>	<p>Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri</p>	<p>Athuga sérstaklega eftir skipulagsdaga og starfsmannafund.</p>		
<p>Auka endurgjöf, hrós og hvatningu. Gæta að hvatningu þegar það á við. Gæta að endurgjöf, t.d. með óformlegum samtölum.</p>	<p>Fara yfir móttökuáætlun nýs starfsfólks. Styðja deildarstjóra í að taka óformleg samtöl.</p>	<p>Allir stjórnendur við leikskólann.</p>	<p>Allt skólaárið.</p>		

Skólanámskrá , starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	Endurskoða skólanámskrána	Lesa og fara yfir skólanámskrána á skipulagsdögum og starfsmannafundum.	Leikskólastjóri og allt starfsfólk.	Skólaárið 2023- 2024, stefnt á að þessari vinnu sé lokið í maí '24		
	Búa til verklagsreglur um undirbúningstíma	Ræða um undirbúningstíma í leikskólanum, hvenær og hvernig er best að koma þeim fyrir í dagskipulaginu.	Allir stjórnendur.	September og október '23		
	Endurskoða jafnréttisáætlun	Lesa yfir og uppfæra jafnréttisáætlun leikskólans	Aðstoðarleikskólas tjóri	Febrúar '24		

Uppeldis- og mennta- starf	Huga betur að hávaðavörnum	Kaupa inn mottur, skilrúm og hljóðeinangrandi borðdúka	Leikskólastjóri	Haustönn 2023	Starfsmannasamtöl og árleg vinnustaðagreining á vegum bæjarins.	Að 90% starfsmanna séu ánægðir með umbætur og starfsumhverfið
	Skipulag náms og náms- aðstæður	Fækka börnum í rými	Auka fræðslu um rýmið og umhverfi leikskólabarna	Aðstoðarleikskóla- stjóri	Haustönn 2023	
		Fækka börnum á hverri deild	Hafnarfjarðarbær	September 2023		
Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlusta betur á börnin og þeirra hugmyndir	Auka fræðslu um þessa þætti á starfsdögum og fundum starfsfólks	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri	Allt skólaárið	Starfsmannasamtöl og samtöl við börnin	Að starfsmenn tjái aukinn skilning á þessum þáttum í starfsmannasamtölum
	Auka skilning starfsmanna á mikilvægi leikskins sem námsleiðar	Nýta mannauðinn í leikskólanum til að fræða samastarfsfólk				Að börnun finnist þau hafa rödd
	Gæta betur að þátttöku barna í daglegu starfi, verkefnum og leiknum	Fá utanaðkomandi fræðslu um þessa þætti í starfinu				

<p>Mann- auður</p> <p>Starfsánægja</p>	<p>Huga betur að starfsánægju starfsfólks</p>	<p>Skapa ró með meiri fyrirsjáanleika t.d. hvað varðar undirbúning</p> <p>Auka fræðslu og samtal um starfsaðferðir</p> <p>Gera fleiri skemmtilega hluti saman</p> <p>Brjóta oft upp hversdaginn t.d. með veitingum eða uppákomum í kaffistofu</p>	<p>Skólastjórnendur, skemmtinefnd og matráður. Allt starfsfólk</p>	<p>Allt skólaárið</p>	<p>Árleg vinnustaðgreining bæjarins</p>	<p>90% starfsánægja</p>
<p>Leikskóla- bragur</p> <p>Velferð og líðan barna</p> <p>Reggio Emilia bragur á starfinu</p>	<p>Huga betur að velferð og líðan barna</p> <p>Fræðast meira um leikskólastarf í anda Reggio</p>	<p>leggja áherslu á góð samskipti við foreldra og forráðamenn með upplýsingagjöf, formlegum og óformlegum samtölum</p> <p>forgangsraða umræðum um börnin og barnastarfið á fundum</p> <p>vanda samskipti við börnin, tala hlýlega til þeirra, sýna þeim áhuga, heilsa og kveðja</p> <p>fræsla, samvinna og skráningar, nýta mannauðinn í leikskólanum til að deila þekkingu og reynslu</p>	<p>Deildarstjórar</p> <p>Aðstoðarleikskólas tjóri</p>	<p>Allt skólaárið</p> <p>Allt skólaárið</p>	<p>Foreldrasamtöl</p> <p>Starfsmannasamtöl</p>	<p>Almenn ánægja foreldra</p> <p>Að starfsfólk tjái aukinn skilning á starfsaðferðum í anda Reggio</p>

Innra mat	Koma á fót matsnefnd fyrir leikskólann	Búa til matsnefnd með 3-5 fulltrúum starfsmanna	Leikskólastjóri	Allt skólaárið		
Framkvæmd						

2.4 Matsáætlun

Næsta skólaár, 2023 – 2024, er áætlað að endurmeta skólanámskrá Stekkjarás. Skólanámskráin var síðast endurmetin árið 2019 og því kominn tími á nýtt endurmat en stefnt er að því að yfirfara skólanámskrána á tveggja til þriggja ára fresti. Einnig er stefnt að því að endurmeta starfsmannahandbók leikskólans og huga sérstaklega að móttöku nýs starfsfólks og starfsmannþjálfun. Jafnréttisáætlun leikskólans verður endurmetin næsta skólaár. Í umbótaáætluninni hér að framan er fjallað um matsaðferðir en hér að neðan er samantekt á matsáætlun fyrir næsta skólaár.

Hvað á að meta?	Matsleið	Tímarammi	Ábyrgð
Stjórnun	Árleg vinnustaðgreining Starfsmannasamtöl á vorönn	Mars 2024 Vorönn	Hafnarfjarðarbær Skólastjórnendur
Uppeldis- og menntastarf	Starfsmannasamtöl á vorönn Foreldrasamtöl Samtöl við börnin	Vorönn Allt skólaárið vorönn	Skólastjórnendur Deildarstjórar Aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar
Mannauður	Árleg vinnustaðgreining	Mars 2024	Hafnarfjarðarbær
Leikskólabragur	Starfsmannasamtöl Foreldrasamtöl Samtöl við börnin	vorönn Allt skólaárið vorönn	Skólastjórnendur Deildarstjórar Aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar
Innra mat	Fara yfir gögn leikskólans	Júní 2024	Matsteymi

Stjórnendateymi er skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, sérkennslustjóri og deildarstjórar
Skólastjórnendur eru skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og sérkennslustjóri

3. Áherslur í starfi leikskólans

3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár

Aðaláherslan í starfinu næsta skólaár er að skapa vellíðan og ró. Huga vel að barnahópnum þannig að öllum börnum líði vel og njóti leikskóladagsins í örvasandi og hvetjandi umhverfi. Við ætlum að styrkja grunninn sem við byggjum á og efla samstarfsmenningu. Við ætlum að endurskoða skólanámskrána, fræðast um leikskólastarf í anda Reggio Emilia og deila reynslu og þekkingu innan starfsmannahópsins til þess að styrkja lærdómssamfélagið í skólanum. Við viljum leggja áherslu á samtal og samvinnu starfsfólks og góða upplýsingagjöf. Einnig ætlum við að huga sérstaklega að álagi, orkustjórnun og vellíðan starfsmanna.

4. Starfsmannamál

4.1. Starfsmannahópurinn 1. maí

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall	Menntun
Leikskólastjóri	1	1	Leikskólakennari
Aðstoðarleikskólastjóri	1	1	Leikskólakennari
Sérkennslustjóri	1	1	Leikskólakennari
Deildarstjórar	8	7,5	4 Leikskólakennarar 3 Leiðbeinendur
Sérkennsla	6		1 Grunnskólakennari 1 Proskapjálfi 2 Leiðbeinendur 1 Leikskólakennari 1 Leikskólasérkennari
Matráður	1	1	Matráður
Aðstoð í eldhús	2	1,5	Háskólamenntun

4.2 Starfsþróunarsamtöl

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri skipulögðu starfsmannasamtöl á vorönn. Leikskólastjóri tók samtöl við deildarstjóra og sérkennslustjóra. Starfsmönnum sem eftir stóðu var skipt á milli leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Tilgangur samtalana er að ræða hvernig starfið hefur gengið, líðan, samskipti, væntingar komandi árs og óskir um símenntun og fræðslu. Niðurstöður eru nýttar í endurmat.

4.3 Símenntun frá síðasta ári

15. september – Skipulagsdagur

- Helgi Karlsson sálfræðingur kynnti hugbúnaðinum Beanfee.

14. nóvember – Sameiginlegur skipulagsdagur

- Málþing faghóps um skapandi leikskólastarf:
- Kristin Hildur Ólafsdóttir: Skapandi leikskólastarf
- Sigurbjörg Lára Kristinsdóttir: Hafa börn rödd ef enginn hlustar?
- Kristin Helgadóttir og Anna Guðmundsdóttir: Listasmiðja – Hjarta leikskólans.

23. janúar – Skipulagsdagur

- Skyndihjálpi – Guðmundur Ingi Rúnarsson
- Kynning á M.Ed. verkefni „ Sýn leikskólakennara og starfsfólks leikskóla á auknum tíma og rými fyrir leik barna.“ – Íris Ósk Karlsdóttir

27. febrúar – Sameiginlegur skipulagsdagur

8. mars – Starfsmannafundur

Kynning á barnvænu sveitafélagi og barnasáttmálanum – Elín Helga Björnsdóttir

19. maí – Sameiginlegur skipulagsdagur

Fyrirlestur: Kviði barna.

Hringekja: Jafningafræðsla um sérkennslu, notkun spila, vinnustundir, kynning á Brúnni.

Önnur símenntun fyrir utan símenntunaráætlunar

- TRAS námskeið: 2 starfsmenn
- Beanfee: 2 starfsmenn
- Kjörþögli: 2 starfsmenn
- Vorráðstefna RGR:
- Starfslokanámskeið: 2 starfsmenn
- PTMO: 1 starfsmaður
- Námskeið fyrir öryggistrúnaðarmenn og öryggisverði: 3 starfsmenn
- 2 starfsmenn í HÍ - í M. Ed. námi
- 1 starfsmaður í HA – í M.Ed. nám
- Fræðsludagur FÍ S, velferð í skólastarfi: 1 starfsmaður

4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum

- Símenntunaráætlun leikskólans (áherslur í fræðslu út frá umbótaáætlun, áherslum leikskólans og starfsþróunarsamtölum).

Eftirfarandi símenntunaráætlun óskir starfsmanna um símenntun

- Fræðsla um starfsaðferðir Reggio Emilia
- Fræðsla og hagnýtt leiðir í skapandi starf
- Fræðsla um börn með ADHD
- Fræðsla um börn með þroskafrávik
- Fræðsla um einhverfu

5. Aðrar upplýsingar

5.1 Barnahópurinn 1. maí.

- Fjöldi barna í leikskólanum: 150
- Kynjahlutfall: 58% strákar 42% stelpur
- Dvalarstundir: 1208,5 klst.
- Deildargildi: 8,28
- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu samkv. greiningaviðmiðum sérkennslu í 1. og 2. flokki: 10
- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu með önnur þroskafrávik (málþroskafrávik, hegðunarfrávik, þroskafrávik, annað): 19
- Fjöldi barna með ofnæmi: 10
- Fjöldi barna með fæðuóþol: 6
- Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku: 24
- Fjöldi tungumála: 13
- Þjóðerni forsjáraðila: Pólskt, danskt, rúmenskt, enskt, litháískt, úkraínsk, spænskt, arabískt, sænskt, rússneskt, lettneskt, taílenskt, íslenskt

5.2 Foreldrasamvinna

- **Foreldraráð:**
Foreldraráð samanstendur af þremur foreldrum sem sitja jafnframt í stjórn. Foreldraráð er kosið á haustin samkvæmt lögum félagsins og fundar eftir þörfum. Foreldraráð les yfir gögn sem berast frá leikskólastjóra og fundar eftir þörfum.
- Foreldrafundir eru haldnir einu sinni á ári á haustin. Farið er yfir t.d. starfsaðferðir, helstu áherslur leikskólans, samskiptileiðir og fleira.
- Foreldraviðtöl eru haldin tvisvar á ári. Einu sinni á haustönn og aftur á vorönn. Foreldrar, deildarstjórar og sérkennslustjóri geta óskað eftir fleiri samtölum ef þurfa þykir.
- Foreldrafélagið er mjög virkt í Stekkjarási. Það skipuleggur uppákomur í samstarfi við leikskólastjóra og foreldrafélagið borgaði fyrir:
 - *Jólaleikrit*
 - *Jólaball*
 - *Sveitiferð*
 - *Rútu í útskriftaferð fyrir elstu börn*
 - *Sumarhátíð: Hestaferðir, grillaðar pylsur og skemmtiatriði*

5.3 Samstarf leik- og grunnskóla

Samstarf við grunnskóla er skipulegt á hverju hausti. Stekkjarás er í góðri samvinnu við Áslandsskóla en síðasta skólaár voru Öldutúnsskóli og Hraunvallaskóli einnig heimsóttir. Hér eru helstu samstarfsviðburðir taldir upp:

- Skólaheimsókn í Áslandsskóla – kynning á skólanum, farið í íþróttir, hádegismatur og þátttaka í skólastarfi.
- febrúar bauð Áslandsskóli okkur í skuggaleikhús.
- 21. mars bauð Áslandsskóli okkur á leikhússýningu.
- Hraunvallaskóli tók á móti okkur og við fengum að skoða skólann.
- Öldutúnsskóli tók á móti okkur og við fengum að skoða skólann.

5.4 Almennar upplýsingar

Skipulagsdagar á tímabil 2023 – 2024 eru eftirfarandi:

- 4. september - skipulagsdagur
- 13. nóvember – sameiginlegur skipulagsdagur
- 26. febrúar – sameiginlegur skipulagsdagur
- 8. maí skipulagsdagur (verður nýttur í námsferð)
- 10. maí sameiginlegur skipulagsdagur (verður nýttur í námsferð)

Starfsamannafundir á tímabilinu 2023 – 2024 eru eftirfarandi:

- 6. okóber
- 15. desember
- 12. janúar
- 12. apríl

5.5 Áætlanir

Eftirtaldar áætlanir eru aðgengilegar á heimasíðu leikskólans:

- Áfalla- og viðbragðsáætlun
- Áætlun um eftirlit garðs

- Röskun á skólastarfi, starfsmenn skóla
- Röskun á skólastarfi, foreldrar
- Barnaverndartilkynning
- Brunaborð – fyrstu viðbrögð – ferli
- Brunaboð – viðbrögð
- Brunaboð, rýming á húsnæði – ferli
- Einneltisáætlun
- Jafnréttisáætlun
- Slys á börnum
- Verkferill, sprautur

Fylgirit

- Leikskóladagatal
- Umsögn foreldraráðs

Hafnarfirði, dagsetning

Leikskólastjóri